

2.bekkur

Allt námið og viðfangsefni birtast sem ein heild. Heimurinn er eitt.

Í 2. bekk fer kennslan hraðar í gang. Eitt af mörgum verkefnum kennarans er að auðvelða að allar námsgreinar og verkefni tengist saman; að heimurinn sé ein heild.

Ævintýrin og þjóðsögur eru aðalþema bekkjarins í ár. Þau koma að öllum hliðum mannsins í stórum og fjölbreyttum myndum og miðla visku án þess að vera siðferðisboðskapur. Erkitýpunar eru skýrar, fyrirbæri heimsins tengjast innri rökum og sannleika. Á sama tíma skapar ótvírætt og óbreytanlegt útlit persónanna einfalda og örugga mynd af heiminum. Úr þessum sagnaheimi fá nemendur tækifæri til að tjá sig með endursögn, skrift og listrænu starfi. Söngur og tónlist tengja saman sagna og tóna-arfinn í þulum og fimmundarsöng okkar íslendinga. Fingraprjón og einfaldur útsaumur skapa fallega og nytsamlega hluti. Nemendur fá að læra tálga og pússa svo með sandpappír.

Á þessu skólaári miðar öll starfsemi að því að skapa umgjörð og móta utan um félagsleg samskipti barnanna. Allt sem getur gert daginn öruggan og fyrirsjáanlegan mun styrkja félagslífið. Markmiðið er að skapa öruggt námsumhverfi. Það gerist með því að þróa góðar venjur meðal nemenda þannig að bekkurinn verði að vel starfhæfum hópi þar sem börnin virða hvert annað og kennarann.

Í reikningi eru tölurnar settar fram, nemendur skilja að hver tala hefur sín sérkenni og eiginleika. Þær eru sjálfstæðar einingar og eru gjarnan settar fram í upphafi með fleiri táknum en arabísku tölunum, til dæmis sem rómverskar tölur eða sem teikningar af tölum og stærðum. Talning er miðpunktur og eðlilegt að nota fingur og tær sem útgangspunkt og síðan fleiri hluti. Unnið er frá heild að hluta í talnaskilningi. Rytísk talning að fyrsta hundraði myndar grunninn að því að æfa litlu margföldunartöfluna. Grunnreiknisaðferðirnar fjórar, samlagning, frádráttur, margföldun og deiling eru stundaðar með einföldum munnlegum hugarreikningi, einföldum verklegum dæmum og sjónrænum aðferðum.

Formteikningin æfir fínheyfingar og mynstur og form verða flóknari.